

bænda
FERÐIR

LITRÍKT LANDSLAG & MENNING Á GRÆNLANDI



10. – 14. júní 2025

Fararstjórn: Guðrún Þorkelsdóttir

Sumar 9
Grænland

Ferðalýsing

Í þessari einstöku ferð kynnumst við stórbrotinni náttúru **Grænlands**, íbúum þess og menningu að fornu og nýju. Suður-Grænland býður upp á undurfagurt og ósnortið landslag, jökulheima, heiðalönd, firði og fjörur. Við gistum tvær nætur í bænum **Narsaq** en hann stendur undir bæjarfjallinu Qaqqarsuaq. Hér er loftslagið milt á grænlenkskan mælikvarða og þetta er því einn af fáum stöðum þar sem aðstæður eru til jarðyrkju og sauðfjárræktar. Við munum kynna bænum Narsaq vel og hvernig menning Grænlendinga hefur þróast frá fornu fari til vorra daga. Á þessu svæði eru einnig helstu minjar um búsetu norrænna manna á Grænlandi. Miklir skriðjökla ganga út úr Grænlandsjökli fram í sjó og við munum sigla um **Qalerallit fjörð** á milli tignarlegra ísjaka. Það er mikilfenglegt þegar eyru og augu verða vitni að því þegar bláir jakarnir brotna af jöklinum og steypast niður í sjó með braki og brestum. Við komum í **Hvalseyrafjörð** þar sem finnast rústir af byggingu sem reistar voru af norrænum mönnum en það er kirkjan að **Hvalseyri**. Við dveljum á **Görðum** og sjáum minjar gamla biskupssetursins. Við skoðum einnig **Bröttuhlíð** við Eiríksfjörð, þar sem þau Eiríkur rauði, Þjóðhildur kona hans, Leifur heppni og fleiri afkomendur þeirra hjóna bjuggu. Í þessari ferð fléttast saman saga, menning og náttúra í mögnuðu mannlífi og landslagi Grænlands.

5 dagar | 4 nætur

2 nætur Narsaq | 2 nætur Igaliku (Garðar)

10. júní | Flug til Narsarsuaq & Narsaq



Brottför frá Keflavík kl. 17:30 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Narsarsuaq kl. 19:30 að staðartíma. Siglum til bæjarins Narsaq þar sem við gistum næstu tvær nætur. Narsaq er næst fjölmennasti bær Suður-Grænlands með 1500 íbúa. Þar er fjöldi litríkra húsa undir bæjarfjallinu Qaqqarsuaq og aðeins fjær er Kvanefjeld sem hefur verið lýst sem einu dýrasta

fjalli í heimi vegna möguleika í námuvinnslu.

11. júní | Dagur í Narsaq

Eftir morgunverð verður farið í siglingu til Qalerallit fjarðar þar sem við förum í land við skriðjökul. Þegar farið er aftur um borð í bátinn siglum við í námunda við einn skriðjökulinn og skoðum í návígi þar sem hann skriður fram í sjó. Eftir að komið er aftur til Narsaq heimsækjum við byggðasafnið í Narsaq og fræðumst um sögu svæðisins. Eftir það er bruggverksmiðjan Qajaq heimsótt en þar er bruggaður bjór úr allt að 4000 ára gömlu leysingarvatni úr nálægum jökulum.



12. júní | Hvalseyjarfjörður & Qaqortoq



Í dag verður siglt í Hvalseyjarfjörð með viðkomu í Qaqortoq þar sem litríkar byggingar og staðbundið líf bæjarins taka á móti okkur. Ef við erum heppin fáum við á siglingunni útsýni yfir snævi þakta fjallstinda og glitrandi ísfláka. Í Hvalseyjarfirði standa enn kirkjurústir frá miðöldum og munum við skoða þessar fornu leifar. Héðan höldum við til Igaliku þar sem gist verður í tvær nætur.

13. júní | Igaliku (Garðar)

Eftir góðan morgunverð munum við skoða okkur betur um í Igaliku sem er eitt fallegasta þorp Grænlands. Í Igaliku var aðalkirkjustaður og biskupssetur Grænendinga til forna. Nú eru hér skóli, kirkja og verslun en glögg má sjá að íbúar stunda sauðfjárrækt. Húsin eru máluð í margvíslegum litum, fagurgrænt undirlendi er milli þorps og fjöru og síðan tekur fagurblár sjórinn við. Handan fjarðarins gnæfir fjallið Illerfissalik með hvítum kalli.



14. júní | Heimferð



Eftir góðan morgunverð í Igaliku göngum við um 4 km leið yfir til Itelleq. Því næst höldum við í stutta siglingu yfir til Quassarsuk, sem áður hét Brattahlíð. Þetta er landnám Eiríks rauða og þarna má finna ótal mannvistarleifar sem vert er að skoða m.a. rústir af bæ Eiríks rauða. Það er gaman til þess að hugsa að sauðfjárbændur í héraðinu heyja í dag á sama svæði og menn Eiríks gerðu fyrir meira en þúsund árum. Svo er siglt yfir til

Narsarsuaq og við höldum á flugvöllinn, þaðan sem flogið verður heim kl. 20:15. Lent í Keflavík kl. 00:15 að íslenskum tíma.



Verð

359.900 kr. á mann í tvíbýli, 4 nætur á gistiheimilum með sameiginlegu baðherbergi.

39.600 kr. aukagjald fyrir einbýli, 4 nætur á gistiheimilum með sameiginlegu baðherbergi.

384.800 kr. á mann í tvíbýli, 4 nætur á hótelum með sér baðherbergi.

Ekki er hægt að bóka einbýli á hótelum.

Innifalið:

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting skv. ferðalýsingu.
- ✓ Ferðir til og frá flugvelli.
- ✓ Morgunverður allan tímann.
- ✓ Allar skoðunarferðir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Bátsferðir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið:

- ✓ Fjórir hádegisverðir.
- ✓ Fjórir kvöldverðir.
- ✓ Aðgangur inn á söfn og kirkjur.
- ✓ Aðgangur og leiðsögn um bruggverksmiðju í Narsaq.
- ✓ Þjóf fé.

